

Uppfæra í .Net Framework 4.7.2 fyrir útgáfu 2019.1 af Sögu. Einnig þarf að uppfæra Oracle í útgáfu 11 (eða nýrra) fyrir útgáfu 2019.2 af Sögu

Útgáfa 2019.1 af Sögu styðst við .Net Framework 4.7.2.

Clientvélar sem munu keyra þá útgáfu þurfa því að hafa .Net 4.7.2 uppsett og má nálgast í eftirfarandi hlekk:

<https://www.microsoft.com/net/download/dotnet-framework-runtime>

Hlekkurinn hér fyrir neðan sýnir lista yfir það hvaða .Net útgáfu er hægt að keyra á hvaða Windows stýrikerfum og þar getur tæknimaður staðfest hvort að stýrikerfið sem hann er með geti keyrt .Net 4.7.2.

<https://blogs.msdn.microsoft.com/dotnet/2018/04/30/announcing-the-net-framework-4-7-2/>

- Það er óhætt að byrja uppsetningu strax á þessum vélum, það hefur ekki áhrif á eldri útgáfur af Sögu.

Það er Windows 7 SP1 + fyrir client og Windows Server 2008 R2 SP1 fyrir server.

Einnig þurfa þjónar, sem keyra vefþjónustur Sögu og application server, að geta keyrt .Net 4.7.2.

Því þurfa kerfisstjórar í Sögu að hafa samband við sína hýsingaraðila/tæknimenn og segja þeim frá þessum pósti og biðja þá um að sjá um að þetta verði gert.

Uppfæra þarf í Oracle 11 eða nýrri útgáfu

Vegna þróunar í Sögu þá þarf að uppfæra **Oracle í útgáfu 11** eða nýrra og eldri útgáfur eru ekki lengur studdar. Vinsamlegast hafið samband við tæknimenn ykkar eða hýsingaraðila og biðjið þá að bregðast fyrir þessu sem fyrst. Þetta tengist útgáfu 2019.2 af Sögu.

Athugið varðandi þessi bæði atriði að þeir sem eru með Sögu-kerfið í hýsingu í Citrix hjá Origo að þeir þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu.

Bestu kveðjur
Þjónustan
Origo Heilbrigðislausnir